

**2321. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 20. desember 2024 og hófst kl. 13:00. Fundurinn var haldinn á Teams.**

---

**Mættir stjórnarmenn:**

Þorvaldur Örlygsson formaður  
Helga Helgadóttir varaformaður  
Ingi Sigurðsson varaformaður  
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson  
Orri Vignir Hlökkversson  
Pálmi Haraldsson  
Sveinn Gíslason  
Tinna Hrund Hlynsdóttir  
Unnar Stefán Sigurðsson  
Þorkell Máni Pétursson

**Á Teams:**

(allir)

**Forföll:**

(engin)

---

**Mættir starfsmenn:**

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri  
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð  
Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð síðasta fundar
  - a. Farið yfir fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2320). Fundargerðin hefur verið send í rafræna undirritun.
2. Leyfisreglugerð KSÍ
  - a. Haukur Hinriksson yfirlögfræðingur KSÍ fór yfir ýmis atriði í uppfærðri leyfisreglugerð KSÍ (útgáfa 5.4). *Stjórn KSÍ samþykkti reglugerðina, sem kemur til framkvæmdar í leyfisferlinu fyrir komandi keppnistímabil.*
3. Bráðabirgðaákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
  - a. Haukur Hinriksson og Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fjölluðu um nokkur atriði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót - sérstaklega um annars vegar lotukerfi sem verið hefur við lýði í 2. og 3. flokki karla og kvenna síðustu ár, og hins vegar um aldursskiptingu í 2. flokki kvenna þar sem leikmenn eru einu ári lengur í flokknum og sérstök heimild er til þátttöku eldri leikmanna. Í öllum tilfellum hefur verið um bráðabirgðaákvæði að ræða. Í máli Helgu kom fram að almennt hafi reynslan af þessum breytingum, sem unnið hefur verið eftir síðustu 2-3 ár, verið jákvæð, og það væri mat mótanefndar, eftir samráð við félögin og þeirra fulltrúa, að festa ætti þessi ákvæði í sessi. Umræður sköpuðust og stjórnarmenn skiptust á skoðunum. *Stjórn KSÍ samþykkti að ákvæði um lotukerfi í Íslandsmóti í 2. flokki karla verði samþykkt áfram til bráðabirgða. Önnur ákvæði voru samþykkt varanlega inni í reglugerðinni.*
4. Barna- og unglíngastyrkur – skipting
  - a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir aðdraganda og ýmis gögn tengd Barna- og unglíngastyrk UEFA, og lagði fram tillögu að skiptingu á styrk ársins 2025. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*
5. Önnur mál

- a. Þorvaldur Örlygsson formaður fór yfir stöðu mála varðandi ráðningarferli þjálfara A landsliðs karla. Formaður og varaformenn hafa myndað starfshóp og leitt ferlið, með stuðningi knattspyrnusviðs. Hópurinn óskaði eftir heimild stjórnar til að bjóða þremur þjálfurum í viðtal um starfið. *Stjórn samþykkti tillöguna.*

Fundi slitið kl. 13:50.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir boðaðir miðvikudaginn 8. janúar og miðvikudaginn 29. janúar.